

Nd.

508. Nefndarálit

[83. mál]

um frv. til 1. um lax- og silungsveiði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Minni hl., þm. A-Húnv., skilar séráliti. Þeir Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., og Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf., skrifa undir nefndarálitið með þeim fyrirvara, að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að vera bornar. Að öðru leyti leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 35. gr. Greinin orðist svo:

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemnst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Við mat á þessum bótum skal leggja til grundvallar veiði síðustu 10 ára fyrir gildistöku þessara laga svo og fækkun lagna, er orsakast af ákvæði 1. og 2. málslíðar þessarar málsgreinar.

4. Í matsnefnd samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar skulu eiga sæti þrír menn, er ráðherra skipar, og skal einn þeirra vera meðal dómara hæstaréttar. Bætur skulu metnar í eitt skipti fyrir öll, en greiðast með jöfnum afborgunum á 25 árum frá gildistöku laganna. Ríkissjóður greiðir bætur þessar að $\frac{3}{4}$, en sýslusjóður eða sýslusjóðir viðkomandi héraða að $\frac{1}{4}$. Sýslunefndir skulu við skiptingu á gjaldi þessu taka tillit til þeirra breytinga, sem verða á veiðiaðstöðu vegna ákvæða þessarar greinar. Matsnefnd skal ljúka störfum eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku laganna. Kostnaður við matið greiðist á sama hátt og bæturnar.

5. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill vika, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

2. Við 97. gr. 2. mgr. greinarinnar falli niður.

Alþingi, 9. maí 1957.

Ásgeir Bjarnason,
form.

Gunnar Gíslason,
fundaskr., með fyrirvara.

Gunnar Jóhannsson,
frsm.

Ágúst Þorvaldsson,
með fyrirvara.